

22. nóvember 2007  
SI-36524

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 31. október 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, 15. mál, sérstakur viðbótarpersónuafsláttur.

Í frumvarpinu er lagt til í raun að persónuafsláttur verði hækkaður úr 385,8 þús.kr. á ári fyrir hvern einstakling árið 2007 í 643 þús.kr. árið 2008, þó þannig að fyrir tekjur yfir 1.800 þús.kr. á ári lækki persónuafsláttur línulega og verði aftur 385,8 þús.kr. á ári (eða samsvarandi tala fyrir árið 2008) fyrir tekjur einstaklings sem eru 3.000 þús.kr. á ári eða hærri. Samkvæmt því yrðu skattleysismörk 1.800 þús.kr. á ári fyrir einstakling, en einstaklingur með 3.000 þús.kr. tekjur greiðir jafnmikla skatta og nú. Lagt er til að viðbótin við persónuafsláttinn verði ekki yfirfæranleg milli samskattaðra aðila.

Tveir annmarkar virðast vera á frumvarpinu. Í fyrsta lagi bendir lausleg athugun til þess að tekjutap ríkissjóðs verði um 15 ma.kr. á ári, sem Seðlabankinn telur óheppilegt við núverandi aðstæður. Í öðru lagi virðist jaðarskattur verða afar hár, eða um 57%, á því tekjubili þar sem persónuafslátturinn skerðist. Svo hár jaðarskattur er varhugaverður, ekki síst þegar við bætast skerðingar húsnæðis- og barnabóta. Því er hugsanlegt að tekjutap ríkissjóðs verði meira en að framan greinir.

Af þessum ástæðum leggst Seðlabankinn gegn því að frumvarpið fái brautargengi.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri